

76. Aðalfundur Leikfélags Selfoss haldinn í leikhúsinu við Sigtún 15. maí 2024 kl. 20:00

Jónheiður Ísleifsdóttir formaður setti fundinn og stakk upp á Sigríði Karlsdóttur sem fundarstjóra og Hrafnhildi Karlsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

1. Hrafnhildur Karlsdóttir las fundargerð síðasta aðalfundar, fundargerðin var samþykkt samhjóða.
2. Jónheiður flutti skýrslu stjórnar.

Nýkjörin stjórn Leikfélags Selfoss tók til starfa á sínum fyrsta fundi þann 15. maí 2023. Jónheiður var kosin formaður á ný á aðalfundi 10. maí 2023 og skipti stjórn með sér verkum með eftirfarandi hætti: Sigríður Hafsteinsdóttir varaformaður, Sigrún Sighvatsdóttir gjaldkeri, Guðfinna Gunnarsdóttir ritari og Birgitta Brynjarsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn sátu F. Elli Hafliðason, Þóra Þorsteinsdóttir og Ingberg Örn Magnússon. Á leikárinu var haldinn 21 stjórnarfundur.

Framkvæmdir við að steypa grunn undir nýtt anddyri, tröppur og skábraut fyrir hjólastóla við leikhúsið hófust vorið 2023 eins og reifað var á síðasta fundi og í síðustu viku fengum við loksins nýja hurð vestan megin og búið er að setja bráðabirgða handrið á hjólastólaramp og tröppur þannig að starfsemi getur hafist í húsinu að nýju og gleðst stjórn mjög yfir því.

Vegna fjárhagsstöðu sveitarfélagsins er því miður ekki útséð með það hvenær framkvæmdum við nýtt anddyri um ljúka en stefnt er á að anddyri verði fókheld næsta vor.

Þar sem óvissa var síðasta haust um hvenær hurðin kæmi var ákveðið að festa ekki niður neina sýningu þetta leikárið heldur finna önnur verkefni sem hægt væri að fara í og krefðust þess ekki að sýningarhæft væri í leikhúsinu. Þessi verkefni verða reifuð frekar hér á eftir en eitt af þeim var að halda Jólakvöld um miðjan desember. Þegar stjórn kom í hús þetta kvöld og fór niður í kjallara heyrðist skvamp og þegar ljós höfðu verið kveikt kom í ljós að í miklum rigningum daginn áður hafði flætt vatn inn í kjallarann og var nokkurra sentimetra vatn yfir öllu. Hringt var á slökkviliðið sem kom og ryksugaði upp mesta vatnið og fundu þeir einnig lekan sem virtist vera frá útvegg inn á klósettið niðri. Haft samband við framkvæmdaraðila og farið í að lagfæra þakniðurfall sem hafði ekki verið gengið nægjanlega vel frá. Eftir að búið var að þurrka gólf í kjallara ákvað stjórn að nota tækifærið og tæma kjallarann alveg þannig að auðveldra væri að meta skemmdir og gera þær lagfæringar sem þyrfti. Þegar allt dótið var komið upp hófumst við svo handa við að fara í gegnum það, flokka og henda og það endaði með því að búningageymsla hefur einnig verið tekin í gegn. Mikið af fötum voru gefin, og annað flokkað og endurskipulagt og eldhús hefur verið yfirfarið líka. Sem sagt góð allsherjar tiltekt og hlökkum við til að flytja aftur niður í kjallara þegar hefur verið lokið við að mála, vatnsverja gólf og setja ný gólf efni.

En þó við höfum verið að taka til höfum við samt gert ýmislegt fleira og mun ég nú stikla á stóru í starfsemi okkar á liðnu ári. Sumarið hófst á því að haldin voru sjö leikhúsnámskeið fyrir börn á aldrinum 7-13 ára og vegna framkvæmda voru þau haldin í Vallaskóla þetta árið og þökkum við frístundasviði Árborgar kærlega fyrir að hafa haft milligöngu um það. Alls voru þátttakendur 112. Leiðbeinendur voru fjórir í ár, þau Sigríður Hafsteinsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir, Daníel Logi

Róbertsson og Kristbjörg Sigtryggisdóttir og við erum svo sannarlega heppin að það næsta að manna þessi námskeið með frábærum leiðbeinendum ár eftir ár.

Í júní sóttu þrír leikfélagar Leiklistarskóla Bandalags Íslenskra leikfélaga, einn á leikstjórn og tveir á sérnámskeið í leiklist. En þess má geta að Jónheiður og Elli hafa nú tekið við sem skólastjórar leiklistarskólans og vorum við því fimm í allt. Allir létu vel af dvöl sinni í skólanum. Leikfélagið tók þátt í fundum um menningarstefnu Árborgar í sumar og gleðjumst við yfir þeirri endurskoðun.

Í september kom upp sú hugmynd að í stað þess að vera með sýningu í tengslum við Menningarmánuðinn Október gætum við búið til dagskrá þar sem farið væri yfir fyrstu 10 árin í starfi Leikfélags Selfoss. Það varð úr og settum við saman 45 mínútna dagskrá þar sem farið var yfir þau verk sett voru upp frá 1958-1969, lesið úr þeim og sagðar sögur sem fengnar voru úr viðtölum fyrir afmælisrit félagsins. Dagskráin var sýnd sem hluti af menningarmánuðinum Október í sal eldri borgara í Grænumörk með þátttöku eldri borgara af leiklistarnámskeiði og tókst vel til. Það er aldrei að vita nema við höldum áfram að segja sögu félagsins á þennan hátt á næstu árum.

Í Október var haldið Spunanámskeið í leikhúsinu á vegum Improv Ísland og var leiðbeinandi Pálmi Haraldsson. 10 þátttakendur fóru í gegnum grunn skref spuna og var mikið hlegið og notið þó námskeiðið hafi verið krefjandi.

Formaður skrifaði fyrir hönd leikfélagsins undir nýjan samning við sveitarfélagið Árborg á haustmánuðum og gleðjumst við yfir því að framlag til leikfélagsins helst óbreytt þrátt fyrir fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Haldið var menningarstefnumót í leikhúsinu í lok október og treystum við því að það sé upphaf þess að okkur takist að kynna leikfélagið fyrir nýbúum í Árborg. Einnig voru haldin nokkur höfundakvöld og laugardagskaffi í nóvember og desember en ekki varð framhald á þeim eftir flóðið í kjallaranum þar sem við ákváðum að nýta helgarnar í tiltekt. Þangað til í apríl þar sem við héldum fatamarkað þar sem öll voru velkomin að koma og ná sér í föt, töskur og skó sem leikfélagið var búið að ákveða að losa sig við. Þetta voru mjög skemmtilegir dagar með fjölbreyttum gestum og notuðu velunnarar leikfélagsins einnig tækifærið og kíktu við.

Félagar í stjórn hafa farið nokkrum sinnum og tekið þátt í laugardagsmorgnum á bókasafni Árborgar. Lesið sögur fyrir gesti og gangandi og Jólakisi tók þátt í söngstund fyrir jólin.

Sex félagar frá leikfélaginu sóttu aðalfund Bandalags Íslenskra leikfélaga í Eyjafirðinum helgina 3.-5. maí og sýndu þar tvö stuttverk á stuttverkahátíð. Mikil gleði var hjá stjórn á fá loksins að stíga á svið á ný eftir langt hlé.

Í ár eru skipulögð átta leikhúsnámskeið í júní, júlí og ágúst og er skráning hafin. Leiðbeinendur verða þau Sigríður Hafsteinsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir og Kristbjörg Sigtryggisdóttir. Leiðbeinendur gleðjast yfir því að hægt verður að halda námskeiðin í leikhúsinu á nýjan leik.

Líkt og svo oft áður hafa stjórn borist óskir um að fá afnot af húsinu undir allskonar viðburði. Í ár voru þessar fyrirspurnir fáar og því miður var ekki hægt að verða við þeim öllum vegna framkvæmda, en við fengum samt nokkra gesti í haust. Hópur nemenda í 8. og 9. bekk í Sunnulækjarskóla í valáfanganum Stefnan mín kom í heimsókn í leikhúsið og hlýddi á Raket Ýr segja frá skólagöngu sinni í Leiklistarskólanum. Í október var Neata fundur á Íslandi og fengu nokkrir fulltrúar að koma í heimsókn og skoða leikhúsið.

Eftir mikla tiltekt og hreinsun erum við svo sannarlega tilbúin að leggja stund á leiklist á nýjan leik og stefnum á sýningu í haust og eftir áramót.

Takk fyrir okkur og ykkur. Leikum núna!

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

3. Sigrún Sighvatsdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins 2023-2024. Reikningar samþykktir samhljóða.
4. Inntaka nýrra félaga, eftirtaldir gengu í félagið:
 1. Gunnar Páll Júlíusson, Jórutúni 4 800 Selfoss.
 2. Melanie Molière, Jórutúni 4 800 Selfoss.
 3. Viktor Logi Sigurðsson, Birkivöllum 21 800 Selfoss
 4. Dagbjartur Ólason, Gauksrima 22 800 Selfoss

Nýjir félagar voru boðnir hjartanlega velkomnir í félagahópinn.

5. Lagabreytingar: Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.
6. Stjórnarkjör: Jónheiður Ísleifsdóttir formaður gaf kost á sér til áframhaldandi starfa, ekki bárust feiri framboð til formanns og var því vel fagnað að Jónheiður haldi áfram að sinna þessu mikilvæga starfi. Sigrún Sighvatsdóttir og Sigríður Hafsteinsdóttir áttu að ganga úr stjórn í ár en buðu sig fram til áframhaldandi starfa, ekki bárust önnur framboð í stjórn, stjórn LS er því óbreytt frá síðasta starfsári, en það eru þau Jónheiður Ísleifsdóttir formaður, Sigrún Sighvatsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir, Birgitta Brynjarsdóttir og Guðfinna Gunnarsdóttir. Elli Hafliðason og Ingberg Magnússon gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa í varastjórn. Sindri Magnús Jónsson gaf einnig kost á sér. Ekki voru fleiri sem buðu sig fram þannig að Elli, Ingberg og Sindri Magnús sitja í nýrri varastjórn.
7. Kosning félagslegra skoðunarmanna reikninga. Eygló Lilja Gräns og Íris Árný Magnúsdóttir gáfu kost á sér sem félaglegir skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt með miklum þökkum.
8. Árgjald. Stjórn lagði til að árgjald verði óbreytt og var það samþykkt.
9. Önnur mál.
 - Sigríður Hafsteinsdóttir tók til máls, hún hlakkar til að halda áfram að starfa í stjórn LS. Sumarnámskeið verða með breyttu sniði þar sem kjallarinn veður ekki notaður,

námskeiðin verða minni í sniðum, 12 nemendur í hópi og 1 kennari á hverju námskeiði. Sigríður sagði skráningu ganga vel.

- Birgitta Brynjarsdóttir kynnti LS á samfélagsmiðlum, hún sagði frá Facebook síðunni og að á heimsíðu megi finna lög félagsins, fundargerðir og fleiri gagnlegar upplýsingar. Þá hvatti hún til þess að félagar skoðuðu og fylgdust með Snapchat reikningi félagsins, það þurfi að gefa í á Instagram en ekki hafi enn verið stokkið á Tic toc vagninn. Netfangið er leikfelagsselfoss@leikfelagsselfoss.is og nýtt símanúmer 696-2787.
- Elli Hafliðason þakkaði það traust að fá að sitja áfram í varastjórn. Hann sagði frá því að þau Jónheiður eru nú skólastjórar Bandalagsskólans. Skólinn heldur árlega fjölbreytt námskeið að Reykjum í Hrútafirði, hægt er að kynna sér starfsemi skólans á www.leiklist.is Einnig sagði Elli frá síðasta þingi BÍL sem haldið var í Eyjafirðinum 3. maí sl. Fréttir af fundinum eru þær helstar að styrkir frá ríkinu hafa lækkað síðustu ár og munu lækka áfram. Ákveðið var að stofna samstarfshóp um að styrkja og vinna að frekari styrkjum til áhugaleikfélaga. Einnig minnti Elli á leikhúsbúð bandalagsins en þar má kaupa ýmislegt varðandi leiksýningar, þar á meðal handrit, förðunarvörur s.s. andlits- og líkamsliti, gerfíaugu, latexeyru, trúðanef og yfirleitt allt sem til þarf. Elli hvatti fundarmenn til að kynna sér málið á www.leiklist.is
- Jónheiður tók til máls og sagði vonir bundnar við að á næsta leikári verði sett upp minni sýning í haust og vonandi stærri sýning eftir áramót. Jónheiður þakkaði það traust að fá að starfa áfram sem formaður, síðustu 2 ár hafi verið áskorun, stöðug bið eftir framkvæmdum en um leið hafi tíminn verið notaður vel til að laga til og skipuleggja. Nú þegar komnir eru tveir útgangar verði hægt að hefjast handa. Hún sagði að flottur haustfundur verði haldinn í haust þar sem starfið verði kynnt.
- Kristín Þóra Albertsdóttir lýsti ánægju með rampinn sem búið er að gera við leikhúsið, hún segir gott fyrir alla að hafa gott aðgegi og sagði sérstaklega þurfa að hugsa til þeirra sem nota hjólastóla og sagðist þekkja vel til þeirra mála. Það gleður mig að leikfélagið eigi heima í þessu húsi, andinn hér er svo góður og hérna eflumst við meira og andinn mun svífa aftur inn í okkur sagði Kristín Þóra.
- F. Elli Hafliðason sagði frá því sem gerst hefur í framkvæmdum í húsinu til þessa og að allt gerist mun hægar til til stóð. Nú er verið að taka kjallarann í gegn eftir vatnstjónið, bærinn beri ábyrgð á tjóninu og nú sé verið að mála og taka allt í gegn niðri, m.a. setja nýtt parket, klósett, hillur og hirslur niðri.
- Hrafnhildur Karlsdóttir sagði frá því að stofnað hafi verið félag utan um starfsemi í Kartöflugeymslunni fyrir utan á. Til stendur að gera endurbætur á „húsinu“ sem þarf til að hægt verði að halda þar litla viðburði s.s. upplestur, tónlistaratriði og margt fleira. Hún sagðist vera í nefnd sem vinnur að tillögum um menningarviðburði og að vonandi yrði hægt að hefja starfsemi þar á næsta ári. Einnig vonaðist hún til að hægt yrði að leita í smiðju leikfélaga með atriði, upplestur og fleira þegar þar að kemur.
- Jónheiður þakkaði fráfarandi stjórn fyrir frábært starf og hakkar til áframhaldandi vinnu stjórnar og þakkaði fyrir góðan fund.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs.

Sigríður Karlsdóttir fundarstjóri þakkaði góða fundarsetu og fundarmenn sungu „Geng ég bæjargöngin inn“.

Fundarmenn voru 29

Fundi slitið kl. 21:45

Að loknum fundi sýndi leikhópur tvö stuttverk sem sýnd voru á síðasta bandalagsþingi:

- **Skáld** eftir Guðfinnu Gunnarsdóttir í leikskstjórn Jónheiðar Ísleifsdóttur, F. Elli Hafliðason og Birgitta Brynjardóttir léku.
- **Return to sender** eftir Ingvaldi Láru Þórðardóttur í leikstjórn Jónheiðar. Guðfinna Gunnarsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir og Ingberg Örn Magnússon léku.

Hrafnhildur Karlsdóttir